



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóvember 2020.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgengi einstaklinga sem ferðast til Íslands að þungunarrofi, þskj. 257, 239. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður ofangreinda tillögu til þingsályktunar þess efnis að heilbrigðisráðherra verði falið að tryggja það að einstaklingar, sem ekki mega gangast undir þungunarrof í sínu heimalandi vegna hindrana og ferðast hingað til lands í því skyni að gangast undir þungunarrof, fái viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Jafnframt áskilur tillagan að þetta verði bundið því skilyrði að viðkomandi megi ekki gangast undir þungunarrof vegna lögbundinna hindrana í heimalandinu og uppfylli skilyrði í lögum um þungunarrof, nr. [43/2019](#). Þá þurfi viðkomandi að geta framvísað evrópska sjúkratryggingakortinu.

Um allan heim eiga réttindi kvenna undir högg að sækja, einnig í Evrópu. Í mörgum ríkja heims er réttur kvenna til að ráða yfir eigin líkama ýmist fyrir borð borinn eða verulega skertur. Þó staðan sé önnur á Íslandi er ljóst að réttindi kvenna um allan heim eru samofin, aðför að réttindum kvenna í einu landi hefur áhrif út á við og grefur undan réttindum kvenna alls staðar.

Ísland hefur um árabil verið metið það land þar sem staða kvenna og jafnrétti kynjanna í heiminum er hvað mest. Með Íslendingar vera stoltir af þeim árangri og má jafnvel líta á Ísland sem leiðandi ríki á sviði kvenréttinda og kvenfrelsis. Verði ofangreind tillaga til þingsályktunar samþykkt hefur Ísland tekið mikilvægt skref í þá átt að bæta stöðu kvenna og hafa áhrif sem skila sér til alþjóðasamfélagsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri